

Mættir; Björg Baldursdóttir skólastjóri, Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri, Margrét Einarsdóttir fulltrúi starfsmanna, Jóhanna Gísladóttir og Kristinn Sverrisson fulltrúar kennara, Örn Guðmundsson og Sigríður Þrúður Stefánsdóttir fulltrúar foreldra og Kristín B. Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags

### **1. Fundartími Skólaráðs**

Fundartími verður kl. 08:00 – 09:00 að morgni.

Fundir skólaráðs þennan vetur verða á föstudögum: 16. des, 28. jan., 17. mars og 19. maí.

### **2. Starfsáætlun**

Fulltrúar ráðsins fá starfsáætlun afhenta til yfirlesturs og hafa viku til að gera athugasemdir. Skil frá skóla til Menntasviðs eru í síðasta lagi um miðjan októbermánuð.

### **3. Framkvæmdir í og við skólann**

Ný leiktæki á skólalóð í Skólagerði í ágúst og september og nú er verið að setja niður trampólín en frágangsvinnu lýkur ekki fyrr en með vorinu.

Í síðastliðinni viku var verið að rakamæla í Skólagerði og mældist töluverður raki á þónokkrum stöðum. Sýni hafa verið tekin til að mæla myglusvepp sem eru núna í ræktun. Strax brugðist við rakaskemmdum, verið að þurrka, rista upp dúka og skipta um glerlista (suðurhlið í Skólagerði).

#### **4. Erindi frá foreldrafélaginu um skólalóðina**

Foreldrafélagið óskaði upphaflega eftir fjármagni fyrir skólalóð í Vallargerði, en stjórn Kópavogs ákvað að setja það í skólalóð í Skólagerði í tengslum við verkefnið Skemmtilegri skólalóðir.

Umræður um framtíðarsýn um Kársnesskóla. Mikil umræða um þetta í foreldrafélaginu og skólaráði í fyrravetur, en það þarf að krefjast skýrrar framtíðarsýnar frá bæjaryfirvöldum. Hver er stefnan? Hvernig er hægt að hagræða í rekstri við það að hafa skólann í einni byggingu? Á yfirliti yfir fjárhagsstöðu skólans 1. jan 2016 – 1. september sést að viðhaldskostnaður er mjög mikill og þó er viðhald í lágmarki. Hvað með aðgengi fatlaðra? Hversu miklar breytingar þarf að framkvæma við Skólagerði til að það standist nútímakröfur. Þetta þarf að hafa í huga þegar verið er að skoða framtíð skólans.

Umræður hvort skólaráð skuli senda bréf til bæjaryfirvalda þar sem það óskar eftir skýrri stefnu.

Foreldrafélagið ætlar að senda ályktun til bæjaryfirvalda um aðgengi á skólalóð í Skólagerði yfir veturinn þegar frost er í jörðu og mikill klaki á lóðinni. Skólaráð er tilbúið til að styðja við slíka ályktun.

#### **5. Bekkjarfulltrúar**

Enn vantar bekkjarfulltrúa foreldra í nokkra árganga. Skólastjórnendur munu senda póst á foreldra og hvetja þá til að bjóða sig fram. Foreldrafélagið gerir slíkt hið sama.

Kennarar eru að fara af stað með kosningar þar sem nemendur munu kjósa tvo fulltrúa sem bekkjarfulltrúa, í 1. – 10. bekk. Þessir fulltrúar munu vera foreldrum til aðstoðar í þeirra starfi. Fulltrúar nemenda í 6. – 10. bekk verða að auki fulltrúar í nemendaráði og í rýnihópi.

## **6. Fundur fyrir fulltrúa foreldra í skólaráði**

5. okt. 2016 eru fulltrúar foreldra að fara á fund f. fulltrúa foreldra í skólaráði, farið yfir helstu ártöl og sérkenni Kársnesskóla.

## **7. Bekkjarstærðir**

Fulltrúi foreldra ræðir stórar bekkjarstærðir, sér í lagi í 5. bekk. Segir frá því að börnin kvarti sjálf undan stærð bekkja. Umræður um bekkjarstærðir og úthlutun til skóla varðandi tímamagn og viðmið vegna fjölda nemenda í bekkjum.

Fundi slitið

Fundarritari: Sigrún Valdimarsdóttir